

Gos í Eyjafjallajökli - staða 14. maí 2010 kl. 17:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Steinunni S. Jakobsdóttir.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurradar, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og NOAA gervihnattamynd.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Er að jafnaði um 7 km skv. veðurratsjá.

Stefna: Vestur og síðan suðvestur (skv. veðurkortum og gervitunglamynd NOAA).

Litur: Grár.

Gjóskufall: Tilkynningar um öskufall eru frá Vestmannaeyjum, Bakkaflugvelli og úthverfum Reykjavíkur og nágrennbæja. Frá Nýjabæ í Rangárþingi eystra er tilkynnt um grófkorna ösku með smá fínu með og að þetta sé fyrsta askan sem fellur þar.

Eldingar: Á sjötta tug eldinga hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar frá því í gærkvöldi. Það hafa mælst allt að 10 eldingar á klukkutíma.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Rennsli við Gígjökul er lítið eins og undanfarna daga.

Aðstæður á gosstað: Lítið hefur sést til gosstaðar í dag.

Órói: Óróinn er nokkuð stöðugur og hefur verið svipaður síðustu sólarhringa.

Jarðskjálftar: Þrír skjálftar undir Eyjafjallajökli seinasta sólarhringinn. Skjálftarnir voru á um 7 – 8 km dýpi.

GPS-aflögun: Færslur eru litlar, en inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig.

Heildarmat: Gosvirknin virðist áfram nokkuð stöðugt. Ekkert bendir til þess að gosinu sé að ljúka.